

Skýrsla Orkustofnunar um starfsemi raforkueftirlits 2016

Unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið



September

2017

Skýrsla Orkustofnunar um starfsemi raforkueftirlits 2016

Unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Orkustofnun

September

2017

Útgefandi:
Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík
Sími: 569 6000, Fax, 568 8896
Tölvupóstur: os@os.is
Heimasíða: <http://www.os.is/>
Hönnun og uppsetning: Baldur Pétursson, Orkustofnun
Yfirlestur: Þórunn Erla Sighvats
Prentun: Oddi ehf.

Ritstjórn:
Sigurður H. Magnússon
Rakel Jensdóttir
Silja Rán Sigurðardóttir
Rán Jónsdóttir

Þessi skýrsla er gefin út á vef Orkustofnunar og prentuð í takmörkuðu upplagi.

OS-2017-07

978-9979-68-429-9 OS-2017-07 - prent
978-9979-68-430-5 OS-2017-07 - pdf

Efni skýrslunnar má nota, en óskað er að heimildar sé getið.

September 2017

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	7
2	MARKMIÐ RAFORKUEFTIRLITS	7
3	STARFSEMI RAFORKUEFTIRLITS	8
4	VERKEFNI RAFORKUEFTIRLITS	8
4.1	SÖFNUN BÓKHALDSGAGNA	10
4.2	SETNING, UPPGJÖR TEKJUMARKA OG VEGINN FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR	10
4.3	SÉRTÆKT EFTIRLIT MEÐ SÉRLEYFISFYRIRTÆKJUM	11
4.4	RAFORKUÖRYGGI	12
4.5	GÆÐI RAFORKU OG AFHENDINGARÖRYGGI	12
4.6	MÁL FYRIR ÚRSKURÐARNEFND	13
4.6.1	<i>Mál 2/2015 HS Veitur hf. gegn Orkustofnun</i>	13
4.6.2	<i>Mál 3/2015 Íslensk Orkuvirkjun Seyðisfirði ehf. gegn Orkustofnun</i>	14
4.6.3	<i>Mál 4/2015 Veitur ohf. gegn Orkustofnun</i>	14
4.6.4	<i>Mál 5/2015 RARIK ohf. gegn Orkustofnun</i>	14
4.6.5	<i>Mál 6/2015 RARIK ohf. gegn Orkustofnun</i>	14
4.7	LEIÐBEININGAR Á VEFSÍÐU ORKUSTOFNUNAR	14
4.8	LEYFISVEITINGAR	14
4.9	ERLENT SAMSTARF	14
4.10	TÖLFRÆÐISKIL TIL ALPJÓÐASTOFNANA	15
4.11	UPPRUNAÁBYRGÐIR	15
4.12	KERFISÁÆTLUN	16
5	REKSTARÁÆTLUN RAFORKUEFTIRLITSINS	17
5.1	RAFORKUEFTIRLITSGJALD	17
5.2	GJALDTAKA Á GRUNDEVILLI 31. GR. RAFORKULAGA	17
5.3	NÝTING RAFORKUEFTIRLITSGJALDS	17
5.4	YFIRLIT FYRIR ÁRIN 2012 TIL 2018	19
5.5	NÝJAR SKYLDUR RAFORKUEFTIRLITS SAMKVÆMT ÞRIÐJU RAFORKUTILSKIPUNINNI	19
5.6	KOSTNAÐUR RAFORKUEFTIRLITS	20
5.6.1	<i>Vinnuþáttur OS [b1]</i>	20
5.6.2	<i>Aðkeypt þjónusta og annar kostnaður [b2]</i>	20
5.7	ÁLAGNING EFTIRLITSGJALDS FYRIR ÁRIÐ 2017	20

Töflur

TAFLA 1. SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR YFIR TEKJUR OG KOSTNAÐ 2015 OG 2016 [Þ.KR.].....	7
TAFLA 2. VERKEFNI RAFORKUEFTIRLITS ÁRIÐ 2016, SKIPT EFTIR FJÖLDA VINNUSTUNDA.....	9
TAFLA 3. UPPGJÖR TEKJUMARKA 2015	10
TAFLA 4. UPPGJÖR TEKJUMARKA DREIFVEITNA ÁRIÐ 2014.	11
TAFLA 5. UPPGJÖR TEKJUMARKA DREIFVEITNA ÁRIÐ 2015	11
TAFLA 6. UPPGJÖR TEKJUMARKA FLUTNINGSFYRIRTÆKIS ÁRIN 2014 OG 2015.....	11
TAFLA 7. YFIRLIT YFIR ÚTGEFNAR UPPRUNAÁBYRGÐIR	16
TAFLA 8. YFIRLIT YFIR KOSTNAÐ VEGNA UPPRUNAÁBYRGÐA [Þ.KR.]	16
TAFLA 9. TEKJUR OG GJÖLD 2016 [Þ.KR.]	18
TAFLA 10. YFIRLIT FYRIR ÁRIN 2012 TIL 2018 [Þ.KR.].....	19

Myndir

MYND 1. ÞRÓUN ORKUSKERÐINGAR HJÁ DREIFVEITUM MEÐ HLAUPANDI MEÐALTALI. SAIDI.	13
---	----

Viðaukar

VIÐAUKI I. UMSÖGN SAMRÁÐSNEFNDAR EFTIRLITSSKYLDRA AÐILA	21
VIÐAUKI II. SKÝRINGAR RAFORKUEFTIRLITS Á UMSÖGN SAMRÁÐSNEFNDAR.....	25

1 Inngangur

Orkumálastjóri skal skv. 2. mgr. 31. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, gefa ráðherra skýrslu fyrir 15. september ár hvert um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna eftirlits á grundvelli laganna. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun eftirlitsins undangengin þrjú ár.

Verður hér gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar, sem lýtur að eftirlitsþáttum með raforkufyrirtækjum vegna ára 2014, 2015 og 2016. Auk þess fylgir endurskoðun á rekstraráætlun vegna ársins 2017 og áætlun fyrir árið 2018.

Kostnaður vegna eftirlits með upprunaábyrgðum var u.þ.b. 1,1 m.kr. á árinu 2016 og hefur hann lækkað um 1. m.kr. frá 2015. Þessi lækkun kemur einkum til vegna bættra verkferla og aukinnar hæfni og þekkingar innan Orkustofnunar. Hlutverk Orkustofnunar vegna upprunaábyrgða hefur ekki breyst. Ekki er gert ráð fyrir því að þessi kostnaður lækki á næstu árum.

Nú liggur uppgjör vegna reksturs raforkueftirlits árið 2016 fyrir og nam kostnaður við rekstur eftirlitsins rúmum 120,0 m.kr. Tekjur raforkueftirlits á árinu 2015 voru 105,2 m.kr. Tap er á rekstri raforkueftirlits á árinu 2016 en það skýrist m.a. af auknu álagi vegna aukinna verkefna ásamt því að tímagjald raforkueftirlits hefur hækkað um 17% frá 2014. Ekki er búist við að afgangur verði á rekstri eftirlitsins fyrr en hækkun á raforkueftirlitsgjald tekur gildi en það er áætlað að verði á árinu 2018.

Yfirlit yfir kostnað vegna upprunaábyrgða er í kafla 4.11.

Samandregnar niðurstöður fyrir árið 2016 sjást í töflu 1. Sjá nánari sundurliðun fyrir vinnuþátt í töflu 2 í kafla 4. Einnig má sjá samandregnar upplýsingar um tekjur og gjöld í töflu 10 í kafla 5.4.

Tafla 1. Samandregnar niðurstöður yfir tekjur og kostnað 2015 og 2016 [þ.kr.]

Texti	Upphæð	Upphæð	Mism. kr.
	2015	2016	2016-2015
Tekjur	108.576	105.201	-3.375
Vinnuþáttur OS	-100.251	-99.141	-1.110
Önnur gjöld	-29.803	-24.706	-5.097
Mismunur	-21.478	-18.646	-2.832

Samkvæmt raforkulögum greiðir flutningsfyrirtæki 0,4 aura á hverja kWst af raforku sem mötuð er inn á flutningskerfið og dreifiveitur 1 eyri á hverja kWst af þeirri raforku sem móttækin er frá flutningskerfi eða beint frá virkjun.

2 Markmið raforkueftirlits

Markmið raforkueftirlits er að hafa eftirlit með því að fyrirtæki á raforkumarkaði starfi samkvæmt raforkulögum en samkvæmt 1. mgr. 31. gr. raforkulaga á raforkueftirlitsgjald að standa undir kostnaði vegna eftirlits samkvæmt raforkulögum. Þetta eftirlit felst m.a. í því að veita sérleyfisfyrirtækjum, sem annast flutning og dreifingu raforku, aðhald til að tryggja að raforkunotendur búi við afhendingaröryggi á raforku gegn sanngjörnu verði. Til að ná fram því markmiði eru leyfðar tekjur fyrirtækjanna ákvarðaðar, lögum samkvæmt, með setningu og uppgjöri tekjumarkaða. Til að tryggja að öðrum markmiðum raforkulaga sé fullnægt, vinnur raforkueftirlit Orkustofnunar að uppbyggingu á eftirliti með öðrum þáttum raforkulaga.

3 Starfsemi raforkueftirlits

Innan raforkueftirlits eru fjögur stöðugildi. Skipta má starfsmönnum sviðsins eftir starfssviði með eftirfarandi hætti:

- ✓ Verkefnastjóri – hagfræði raforkumála
- ✓ Verkefnastjóri – verkfræði raforkumála
- ✓ Verkefnastjóri – raforkueftirlit – rekstur
- ✓ Lögfræðingur

4 Verkefni raforkueftirlits

Eftirlit Orkustofnunar með aðilum á raforkumarkaði byggir á ákvæðum raforkulaga nr. 65/2003. Ákvæði raforkulaga byggja á tilskipunum á sviði raforkumála sem innleiddar hafa verið í íslenska löggjöf á grundvelli aðildar Íslands að EES samningnum.

Í annarri raforkutilskipuninni (tilskipun 2003/54/EB), sem innleidd hefur verið í íslensk lög með raforkulögum, er kveðið sérstaklega á um skyldu eftirlitsaðila til skýrslugjafar en í 23. gr. tilskipunarinnar kemur fram að eftirlitsaðili eigi að gera grein fyrir því í árlegri skýrslu hvernig eftirliti samkvæmt ákvæðinu hefur verið framfylgt. Í samræmi við ákvæðið gerir Orkustofnun í þessari skýrslu grein fyrir því hvernig eftirliti samkvæmt ákvæðinu er háttað.

Orkustofnun hefur það hlutverk að hafa eftirlit með öllum þeim þáttum sem tilgreindir eru í ákvæðinu. Það er misjafnt með hvaða hætti Orkustofnun sinnir eftirlitshlutverki sínu vegna þeirra þátta sem tilgreindir eru í ákvæðinu.

Orkustofnun getur sinnt eftirliti sínu með því að framkvæma svokallaðar frumkvæðisathuganir. Þetta getur t.d. átt við í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun telur ástæðu til þess að ætla að brotið hafi verið gegn löggjöf á sviði raforkumála. Þá lætur Orkustofnun reglulega framkvæma sértækar úttektir á starfsemi sérleyfisfyrirtækja á raforkumarkaði. Orkustofnun sinnir einnig reglubundnu eftirliti með ákveðnum þáttum s.s. með gæðum raforku hjá eftirlitsskyldum aðilum.

Að lokum er rétt að geta þess að eftirlitshlutverk Orkustofnunar fer einnig fram við meðferð stofnunarinnar á kvörtunum en aðilar geta kvartað til stofnunarinnar ef þeir telja að aðilar á raforkumarkaði starfi ekki í samræmi við gildandi lög og reglur. Allar ákvarðanir Orkustofnunar í kvörtunarmálum eru kærarlegar til úrskurðarnefndar raforkumála en á árinu voru tvær ákvarðanir stofnunarinnar kærðar til nefndarinnar. Auk kvartana berast Orkustofnun árlega fjölmargar fyrirspurnir er lúta að túlkun gildandi laga og regna á raforkumarkaði.

Fyrir utan hefðbundin verksvið raforkueftirlits þá bættist við vinna vegna kerfisáætlunar Landsnets. Gert er ráð fyrir að álag raforkueftirlits aukist um 0,5 stöðugildi vegna þessarar vinnu. Ný reglugerð varðandi WACC var gefin út í febrúar 2016 og er það von Orkustofnunar að með þessari nýju reglugerð verði meiri sátt um mat á vegnum fjármagnskostnaði

Verkefni raforkueftirlits eru afar fjölbreytileg og ekki alltaf fyrirsjáanleg. Stærstu málaflökkarnir varða almenn raforkueftirlitsmál, greiningu og úttektir, lögfræðileg mál vegna stjórnsýslukæra og kvartana ásamt vinnu vegna tekjumarka. Þá hefur vinna vegna skila á tölfraeðigögnum um orkumál til erlendra stofnana aukist töluvert á síðastliðnum árum.

Tafla 2. Verkefni raforkueftirlits árið 2016, skipt eftir fjölda vinnustunda

Nr.	Texti	Hlutf.	Fjöldi tíma
1.	Leyfi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna	0,9%	66
2.	Tekjumörk	10,6%	797
3.	Greining og úttektir	16,3%	1.229
4.	Raforkueftirlit, almennt	27,9%	2.096
5.	Öflun gagna og miðlun upplýsinga	9,0%	681
6.	Raforkuspá	0,5%	40
7.	Alþjóðleg samvinna	8,9%	668
8.	Innlend samvinna	4,9%	371
9.	WACC	1,9%	142
10.	Lögfræðileg mál, kærur ofl.	14,8%	1.116
11.	Hagræðingarkrafa	0,9%	64
12.	Greiningarvinna	1,6%	123
13.	Ráðstefnur	0,7%	49
14.	Námskeið	1,1%	84
	Samtals	100,0%	7.525

Nánari skýringar:

1. Leyfi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna varðar vinnu við útgefin leyfi t.d. flutningsvirkja.

2. Tekjumörk varðar setningu og uppgjör tekjumarka eftirlitsskyldra aðila.

3. Greiningar og úttekt varðar framkvæmd ýmissa úttekta. Sumar úttektir eru framkvæmdar með því að kalla eftir upplýsingum um ákveðna þætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila eins og t.d. skömmtunarreglur. Tvær úttektir voru framkvæmdar á árinu 2015. Undir þennan lið heyrir einnig vinna varðandi gæði raforku og afhendingaröryggi sem felst m.a. í upplýsingaöflun og úrvinnslu varðandi framangreinda þætti.

4. Raforkueftirlit, almennt varðar ýmis tilfallandi verk starfsmanna eins og samskipti í tölvupósti og ýmsa innri starfsemi sem ekki tengist einu verkefni sérstaklega.

5. Öflun gagna og miðlun upplýsinga varðar öflun gagna, úrvinnslu á þeim og birtingu á tölfraðilegum upplýsingum um raforkumál, auk skýrslugerðar um þau mál fyrir innlendar og erlendar stofnanir.

6. Raforkuspá varðar vinnu Orkustofnunar í raforkuhóp orkuspárnefndar.

7. Alþjóðleg samvinna varðar þá vinnu sem starfsmenn raforkueftirlits hafa tekið þátt í vegna alþjóðlegs samstarf s.s. á vegum NordREG auk vinnu vegna skila á tölfraðiupplýsingum um orkumál til Eurostat.

8. Innlend samvinna varðar fundi með innlendum aðilum um raforkueftirlitsmál eins og t.d. með samráðshópi eftirlitsskyldra aðila.

9. WACC varðar vinnu Orkustofnunar varðandi leyfða arðsemi.

10. Lögfræðileg mál, kærur ofl. varðar vinnu orkustofnunar við ýmis lögfræðileg mál en kærur mál eru stór hluti af skráðum tíma á þennan verklið.

11. Hagræðingarkrafa varðar skyldu Orkustofnunar samkvæmt raforkulögum að meta mögulega hagræðingarkröfu vegna setningu tekjumarka.

12. Greiningarvinna varðar rýni á ákveðnum þáttum og söfnun upplýsinga.

13. Ráðstefnur varðar þátttöku raforkueftirlits á innlendum og erlendum ráðstefnum.

14. Námskeið varðar þann tíma sem starfsmenn raforkueftirlits hafa tekið þátt í námskeiðum og endurmenntun.

4.1 Söfnun bókhaldsgagna

Eins og verklagsreglur Orkustofnunar segja til um var bókhalds- og tækniupplýsinga fyrir árið 2015 aflað vorið 2016. Bókhaldsgögnin eru yfirfarin af endurskoðunarfyrtækni til að staðfesta að þau séu í samræmi við ársreikninga fyrirtækjanna og að færsla kostnaðar sé í samræmi við raforkulög.

Starfsemi veitufyrirtækjanna er að nokkru leyti ólík sem og umfang starfsemi þeirra. Oftast eru fyrirtækin einnig með aðra starfsemi s.s. sölu á heitu og köldu vatni. Raforkulög gera ráð fyrir aðskilnaði bókhalds raforkufyrirtækja milli framleiðslu, dreifingar og sölu raforku. Bókhald fyrirtækjanna þarf að endurspeglar ólíka þætti starfseminnar svo að Orkustofnun geti gegnt hlutverki sínu.

Þeim fyrirtækjum sem um ræðir er ekki gert að skila Orkustofnun ársreikningum fyrr en 1. maí ár hvert þannig að öll vinna raforkueftirlits við rýni á gögnum frá eftirlitsskildum aðilum, vinna endurskoðenda og uppgjör tekjumarka dreifiveitna, verður að eiga sér stað á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst. Uppgjör tekjumarka flutningsfyrirtækis skal vera lokið 1. ágúst.

4.2 Setning, uppgjör tekjumarka og veginn fjármagnskostnaður

Tekjumörk sérleyfisfyrirtækjanna nema u.þ.b. 33 milljörðum króna, annars vegar um 19,1 milljarðar til dreifiveitna og hins vegar um 13,6 milljarðar til flutningsfyrirtækis. Til að tryggja að markmiðum raforkulaga sé náð, þarf einnig að sinna eftirliti með öðrum þáttum í starfsemi flutningsfyrirtækisins, Landsnets, og dreifiveitnanna.

Uppgjör tekjumarka 2015 sem fer fram á árinu 2016, er sem hér segir [í milljörðum króna]:

Tafla 3. Uppgjör tekjumarka 2015

2015	
HS Veitur	2,9
Norðurorka	0,6
Orkubú Vestfjarða	1,1
Veitur ohf.	6,6
Rafveita Reyðarfjarðar	0,1
RARIK	7,8
Samtals	19,1
Landsnet	13,6

Eftir að ný reglugerð um veginn fjármagnskostnað tók gildi tók Orkustofnun ákvörðun um WACC 2016 þann 7. apríl 2016. Ákvörðun um WACC 2017 var svo tekin þann 29. apríl 2016.

Setning tekjumarka Landsnets var ákvörðuð 9. maí 2016 sem er seinna en ákveðið er í raforkulögum og skýrist af því að vinnu við reglugerð um veginn fjármagnskostnað lauk ekki fyrr en á árinu 2016. Einnig óskaði flutningsfyrirtækið eftir því að ákvörðun yrði seinkað á þeim forsendum að skoðaðar yrðu betur forsendur á bak við útreikning á rekstrarkostnaði. Landsnet og Orkustofnun voru ekki sammála um túlkun laganna á útreikningum rekstrarkostnaðar og var ákvörðunin um setningu tekjumarka kærð til úrskurðarnefndar raforkumála.

Eftirfarandi eru dagsetningar á uppgjöri á tekjumörkum hjá dreifiveitum vegna árána 2015 og 2016.

Tafla 4. Uppgjör tekjumarka dreifiveitna árið 2014.

Dreifiveita	Dagsetning uppgjors
HS Veitur	22/9/2015
Norðurorka	4/9/2015
Orkubú Vestfjarða	28/8/2015
Veitur ohf.	28/8/2015
Rafveita Reyðarfjarðar	28/8/2015
RARIK	28/8/2015

Tafla 5. Uppgjör tekjumarka dreifiveitna árið 2015

Dreifiveita	Dagsetning uppgjors
HS Veitur	29/8/2016
Norðurorka	26/8/2016
Orkubú Vestfjarða	30/8/2016
Veitur ohf.	29/8/2016
Rafveita Reyðarfjarðar	29/8/2016
RARIK	1/9/2016

Tafla 6. Uppgjör tekjumarka flutningsfyrirtækis árin 2014 og 2015.

Flutningsfyrirtæki	Dagsetning uppgjors
Landsnet 2014	1/8/2015
Landsnet 2015	24/6/2016

4.3 Sértaekt eftirlit með sérleyfisfyrirtækjum

Einn af eftirlitspáttum Orkustofnunar felst í sértæku eftirliti þar sem mögulega eru gerðar ákveðnar sértækar og ítarlega úttektir. Á árinu 2016 voru gerðar athuganir á eignfærslum flutningsfyrirtækisins og tveim dreifiveitum sem komu inn í eignir fyrirtækjanna á árinu 2015. Úttektunum var lokið snemma á árinu 2017. Ekki voru gerðar athugasemdir við eignfærslur þeirra fyrirtækja sem úttektir beindust að. Skýrslurnar eru aðgengilegar á vef Orkustofnunar. Hlekkur á skýrslurnar er: <http://os.is/orkustofnun/bokasafn/skyrslur-OS/skyrslur-2017>

4.4 Raforkuöryggi

Samhliða setningu raforkulaganna nr. 65/2003 var felld brott skylda Landsvirkjunar, skv. lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun, til þess að hafa viðunandi öryggi og tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma. Í greinargerð með frumvarpi til raforkulaga kemur fram að skyldan hafi verið felld brott vegna þess að með lögunum ætti að skapa forsendur til samkeppni í vinnslu og sölu raforku með innleiðingu samevrópskrar löggjafar á sviði raforkumála. Í frumvarpinu var þannig byggt á því að lögmál markaðarins um framboð og eftirspurn myndi almennt tryggja nægt framboð raforku. Í frumvarpinu kom einnig fram að til þess að tryggja nægilegt framboð raforku væri lykilatriðið að efnahagslegir hvatar væru til staðar til að byggja nýjar virkjanir með nægjanlega löngum fyrirvara fyrir vaxandi eftirspurn og að ekki væru illfærar tálmanir sem stæðu í vegi fyrir því.

Þróun síðastliðinna ára hefur verið sú að flokkun virkjunarkosta í rammaáætlun í nýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk takmarkar framboð á nýtanlegri raforku. Þá hafa áætlanir um uppbyggingu flutningskerfisins tafist mikið m.a. vegna ágreinings um legu raflína og möguleikum á lagningu jarðstrengja. Það má því færa fyrir því rök að þær aðstæður sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að tryggja nægjanlegt framboð raforku komi ekki endilega til með að vera fyrir hendi á næstu árum og því getur verið mikilvægt að til staðar séu lagaúrræði til þess að bregðast við aðstæðum þar sem raforkuöryggi er ógnað.

Orkustofnun tók á árinu þátt í verkefni um orkuöryggi og stefnu í orkumálum á Íslandi í samvinnu við Landsvirkjun og Landsnet. Háskólastofnanirnar MIT og IIT Comillas voru fengnar til vinna rannsóknarvinnu, þar sem áhersla er á eftirfarandi þætti:

- Greining á stöðu orkuöryggis með tilliti til laga- og reglugerðarumhverfis og tillögur að úrbótum.
- Athugun á nokkrum sviðsmyndum í því skyni að finna leiðir til að tryggja orkuöryggi á sem hagkvæmastan hátt.

Verkefninu var ekki lokið í árslok 2016.

4.5 Gæði raforku og afhendingaröryggi

Orkustofnun hefur skv. reglugerð 1048/2004 eftirlit með raforkugæðum og afhendingaröryggi.

Í því er fólgið að setja öllum aðilum raforkumarkaðarins kröfur um raforkugæði og afhendingaröryggi.

Fyrirtækjunum ber að skrá í þar til gerðan gagnagrunn ástand spennu og tíðni, sem og allar bilanir, rekstrartruflanir og straumleysi ásamt umfangi þess. Slíkur samanburður milli ára og milli fyrirtækja er gagnlegur mælikvarði á breytingar á afhendingaröryggi þeirra.

Fyrirtækin skulu árlega setja sér markmið um fækkun truflana, bilana og skerðingar og skila árlega skýrslu til Orkustofnunar með samantekt um afhendingaröryggi síðasta árs í samanburði við markmið fyrirtækisins. Ef Orkustofnun telur þörf á, getur hún kallað eftir frekari gögnum.


Nái fyrirtækin ekki settum markmiðum um gæði raforku og afhendingaröryggi skulu þau gera Orkustofnun grein fyrir ástæðum þess að þau náðust ekki og fyrirhuguðum aðgerðum til úrbóta.

Ef ekki næst samkomulag milli flutningsfyrirtækis/dreifiveitu og viðskiptavinar varðandi gæði raforku og afhendingaröryggi ber flutningsfyrirtæki/dreifiveitu að upplýsa viðskiptavininn um að heimilt sé að kvarta til Orkustofnunar sem eftirlitsaðila.

Truflanaskráning skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um kerfisstjórnun í raforkukerfinu, nr. 513/2003 og ber flutningsfyrirtæki/dreifiveitu að varðveita skráninguna að lágmarki í 10 ár. Þá skulu truflanaskráningar vera í samræmi við reglur starfshóps um rekstrartruflanir (START) sem

Orkustofnun hefur samþykkt. Mynd 1 sýnir þróun fyrirvaralausra skerðinga á raforkuafhendingu á hvern notanda, skipt á dreifiveitur og meðaltal hvers árs á árunum 2012-2015. Afhendingaröryggi batnaði talsvert milli ára og eru það einkum RARIK og Orkubú Vestfjarða sem hafa bætt afhendingaröryggi.

Mynd 1. Þróun orkuskerðingar hjá dreifveitum með hlaupandi meðaltali. SAIDI.



4.6 Mál fyrir úrskurðarnefnd

Úrskurðarnefnd raforkumála er skipuð á grundvelli 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar hefur skipað eftirtalda aðila í nefndina frá 15. maí 2015 til 30. júní 2019.

<u>Nefndarmenn eru:</u>	<u>Varamenn eru:</u>
Pétur Örn Sverrisson lögmaður, formaður	Viðar Lúðvíksson, hrl., varaformaður
Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir	Kirstín Flygering
Ragnar J. Jónsson	Harpa Theodórsdóttir

Úrskurðarnefndinni er ætlað það hlutverk að úrskurða um kærur sem henni berast vegna stjórnvaldsákvarðana Orkustofnunar á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna.

Eftirfarandi er yfirlit yfir úrskurði nefndarinnar vegna stjórnvaldsákvarðana Orkustofnunar á árinu 2016:

4.6.1 Mál 2/2015 HS Veitur hf. gegn Orkustofnun

Úrskurðarnefnd raforkumála kvað upp úrskurð í máli 2/2015 þann 20. september 2016 er varðaði annars vegar endurútreikning á uppgjöri tekjumarka kæranda og hins vegar hagræðingarkröfu fyrir tekjumarkatímabilið 2016-2020. Niðurstaða málsins var sú að felld var úr gildi ákvörðun Orkustofnunar um setningu hagræðingarkröfu gagnvart kæranda.

4.6.2 Mál 3/2015 Íslensk Orkuvirkjun Seyðisfirði ehf. gegn Orkustofnun

Úrskurðarnefnd raforkumála kvað upp úrskurð í máli 3/2015 þann 7. nóvember 2016. Í málinu var þess krafist að ákvörðun Orkustofnunar, þar sem hækkun RARIK á tengigjöldum var staðfest, yrði felld úr gildi. Úrskurðarnefnd raforkumála staðfesti ákvörðun Orkustofnunar.

4.6.3 Mál 4/2015 Veitna ohf. gegn Orkustofnun

Úrskurðarnefnd raforkumála kvað upp úrskurð vegna kæru Veitna ohf. á ákvörðun Orkustofnunar um setningu hagræðingarkröfu fyrir tímabilið 2016-2020. Niðurstaða málsins var sú að felld var úr gildi ákvörðun Orkustofnunar um setningu hagræðingarkröfu gagnvart kæranda.

4.6.4 Mál 5/2015 RARIK ohf. gegn Orkustofnun

Úrskurðarnefnd raforkumála kvað upp úrskurð vegna kæru RARIK ohf. á ákvörðun Orkustofnunar um setningu hagræðingarkröfu fyrir tímabilið 2016-2020. Niðurstaða málsins var sú að felld var úr gildi ákvörðun Orkustofnunar um setningu hagræðingarkröfu gagnvart kæranda.

4.6.5 Mál 6/2015 RARIK ohf. gegn Orkustofnun

Úrskurðarnefnd raforkumála kvað upp úrskurð vegna kæru RARIK ohf. í máli er varðarði ákvörðun Orkustofnunar frá 12. nóvember 2015 um gjaldskrárbreytingar RARIK. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar var sú að sá hluti hinnar kærðu ákvörðunar sem kveður á um að RARIK skuli innheimta gjöld á alla virkjunaraðila frá sama tíma vegna vangetu til eyjakeyrslu var felldur úr gildi.

4.7 Leiðbeiningar á vefsíðu Orkustofnunar

Orkustofnun hefur tekið saman margs konar leiðbeiningar sem finna má á vef stofnunarinnar. Engar nýjar leiðbeiningar voru gefnar út á árinu 2016. Árið 2016 hófst vinna við nýjar leiðbeiningar um afskriftir, viðbótarrekstrarkostnað og bókfærslu nýrra heimtauga og voru lokadrög send aðilum þann 15. desember 2016. Núgildandi leiðbeiningar stofnunarinnar má finna á vefsíðunni: <http://www.orkustofnun.is/raforka/raforkueftirlit/leidbeiningar/>

4.8 Leyfisveitingar

Rétt er að geta þess að þann 28. maí tóku gildi breytingar á raforkulögum sem snúa að kerfisáætlun flutningsfyrirtækis. Samhliða þessum breytingum voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi leyfisveitinga vegna nýrra flutningsvirkja. Eftir breytingarnar þarf eingöngu að tilkynna Orkustofnun um ný flutningsvirki áður en þau eru tekin í notkun. Eftir sem áður þarf þó að sækja um leyfi Orkustofnunar ef ný flutningsvirki eru ekki hluti af framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar sem samþykkt hefur verið af Orkustofnun.

Á árinu 2016 veitti Orkustofnun eitt leyfi fyrir flutningsvirki á grundvelli 2. mgr. 9. gr. raforkulaga. Um var að ræða leyfi fyrir raforkuflutningsvirki á Þeistareykjum.

4.9 Erlent samstarf

Orkustofnun hefur verið aðili að NordREG sem eru samtök eftirlitsaðila á Norðurlöndunum. Á vettvangi NordREG er m.a. unnið að verkefnum tengdum aðferðafræði við fjárhagsþætti eftirlits,

eignamat, afskriftir og arðsemi svo og aukna neytendavernd í samræmi við þriðju raforkutilskipun Evrópusambandsins. Orkustofnun tekur virkan þátt í tveimur starfshópum á vegum NordREG. Vinnuhóparnir heita:

- e. Network regulation working group.
- e. Retail market monitoring working group.

Ásamt Landsneti er Orkustofnun þátttakandi í samstarfi eftirlitsaðila og flutningskerfa á Norðurlöndum vegna viðbragða við vá, þ.e. NordBER (Nordisk Beredskapsforum). Orkustofnun hefur einnig verið þátttakandi í vinnuhópi um greiningu á áhættu og viðkvæmni gagnvart hvers konar vá fyrir flutningskerfið.

Orkustofnun er aðili að CEER (Council of European Energy Regulators) sem er samráðsvettvangur fyrir reglunaraðila innan Evrópu.

Raforkueftirlit skilar orkutölfræði til International Energy Agency (IEA) og einnig til hagsýslustofnunar Evrópusambandsins (Eurostat) og tekur þátt í Energy working group innan Eurostat.

4.10 Tölfræðiskil til alþjóðastofnana

Orkustofnun er skilgreind af Hagstofnunni sem opinber framleiðandi hagtalna um orkumál og sem slík tekur Orkustofnun saman orkutölfræði fyrir hönd Hagstofnunar. Í þessu felst m.a. að halda utan um og skila tölfræðiupplýsingum til Hagstofnu Evrópusambandsins (Eurostat) og International Energy Agency (IEA).

Raforkueftirlitið tekur saman hagtölur um raforku og sér auk þess um samþættingu allrar orkutölfræði og gagnaskil á þessum upplýsingum. Þessi vinna felur m.a. í sér að vera tengiliður Orkustofnunar við Eurostat og IEA vegna orkutölfræði, samþættingar orkutölfræði og skilum á upplýsingum til Eurostat og IEA.

Eins og staðan er í dag er utanumhald þessarar tölfræðivinnu kostuð með raforkueftirlitsgjaldi. Á árinu 2016 voru 296 klukkustundum varið í þessa tölfræðivinnu.

4.11 Upprunaábyrgðir

Samkvæmt lögum nr. 30/2008 um upprunaábyrgðir vegna raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum og reglugerð nr. 757/2012 um birtingu upplýsinga sem eru tengdar upprunaábyrgðum raforku, er Orkustofnun falið ákveðið eftirlitshlutverk varðandi útgáfu á upprunaábyrgðum.

Framleiðendum raforku er heimilt að gefa út og selja svokallaðar upprunaábyrgðir fyrir þá orku sem þeir framleiða á vistvænan hátt. Markmiðið er að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og stuðla þannig að aukinni umhverfisvitund. Hægt er að kaupa upprunaábyrgðir af framleiðslueða sölufyrirtækjum raforku. Fyrirtæki sem kaupa slíkar upprunaábyrgðir geta þannig vottað að við framleiðslu sinnar vöru hafi eingöngu verið notuð vistvæn orka. Einnig er möguleiki fyrir einstaklinga að kaupa slíkar ábyrgðir af sölufyrirtækjum raforku.

Sölufyrirtæki raforku skulu a.m.k. árlega upplýsa notendur sína um uppruna raforku og eru slíkar upplýsingar yfirleitt birtar á uppgjörsreikningi notenda en einnig er heimilt að senda viðskiptavinum sérstaka yfirlýsingu sem Orkustofnun gefur út árlega sem er einnig aðgengileg á vef Orkustofnunar.

Við útreikning á samsetningu uppruna afhentar raforku á Íslandi, sem framkvæmdur er af Orkustofnun, er tekið mið af seldum upprunaábyrgðum til annarra landa frá Íslandi, ásamt upprunaábyrgðum sem fluttar eru inn eða notaðar á Íslandi. Útreikningur Orkustofnunar tekur

síðan mið af samsetningu uppruna raforku í Evrópu. Útkoman verður því sú að á uppgjörsreikningi er einnig kjarnorka og jarðefnaeldsneyti, fyrir utan endurnýjanlega orku, tilgreind á reikningi sem uppruni raforku á Íslandi.

Sala á upprunaábyrgðum frá árinu 2011 til ársins 2016 er eftirfarandi í TWh:

Tafla 7. Yfirlit yfir útgefnar upprunaábyrgðir

Upprunaábyrgðir [TWh]		2011	2012	2013	2014	2015	2016
	Útgefnar	2,06	8,22	11,79	10,13	6,51	15,74
	Afskráðar	0,00	-0,25	-0,07	-0,01	-1,10	-2,58
	Afturkallaðar	0,00	-0,90	-0,02	-0,02	0,00	0,00
	Samtals	2,06	7,07	11,70	10,11	5,41	13,16

Þar sem útgefnar upprunaábyrgðir segja ekki alla söguna varðandi útreikning á uppruna raforku á Íslandi eru einnig hafðar með upplýsingar um afskráðar og afturkallaðar upprunaábyrgðir, en það er heildartalan sem skiptir mestu máli. Því meira sem upprunaábyrgðir eru afskráðar á Íslandi verður reiknaður uppruni raforku á Íslandi með hærra hlutfall endurnýjanlegrar orku og nær raunverulegum uppruna raforku á Íslandi en hlutfall endurnýjanlegrar orku í raforkuframléiðslu hér á landi 99,99%

Nánari upplýsingar um upprunaábyrgðir og almenna og sértæka yfirlýsingu eru aðgengilegar á heimasíðu Orkustofnunar.

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir kostnað við upprunaábyrgðir. Skráðir eru 76,5 tímar á verkefnið. Annar kostnaður er 104 þ.kr. sem er vegna yfirlýsinga sem Orkustofnun gefur út.

Tafla 8. Yfirlit yfir kostnað vegna upprunaábyrgða [þ.kr.]

Texti	[þús. kr.]	
Vinnubáttur OS	1.008	90,7%
Annar kostnaður	104	9,3%
Samtals	1.111	100,0%

Á árinu 2016 keypti eitt sölufyrirtæki raforku upprunaábyrgðir fyrir allri sinni sölu. Vegna þess gaf Orkustofnun út sértæka yfirlýsingu. Þetta hefur þau áhrif að kaupandi raforku hjá þessu sölufyrirtæki getur tilgreint að það noti 100% endurnýjanlega (græna) orku.

4.12 Kerfisáætlun

Með breytingum á raforkulögum á árinu 2015 fékk Orkustofnun nýtt hlutverk sem felst í eftirliti með kerfisáætlun flutningsfyrirtækisins Landsnets. Landsnet skal nú árlega leggja fram kerfisáætlun sem felur í sér tvo meginþætti:

- annars vegar langtímaáætlun sem sýnir þá þætti í meginflutningskerfinu sem fyrirhugað er að byggja upp eða uppfæra á næstu tíu árum,
- hins vegar skal kerfisáætlun fela í sér framkvæmdaáætlun sem sýnir ákvarðanir um fjárfestingar í flutningskerfinu sem hafa þegar verið teknar og fjárfestingar sem þarf að ráðast í á næstu þremur árum.

Til þessa hefur Orkustofnun haft það hlutverk að veita flutningsfyrirtækinu leyfi vegna einstakra flutningsvirkja en frá og með árinu 2015 þarf ekki að sækja um leyfi vegna framkvæmda sem koma fram í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar sem Orkustofnun hefur samþykkt.

Eftir að hafa fengið kerfisáætlun flutningsfyrirtækisins til stjórnsýslulegrar meðferðar og að höfðu samráði við viðskiptavinum flutningsfyrirtækisins metur Orkustofnun hvort kerfisáætlunin sé í samræmi við raforkulög. Orkustofnun getur í framhaldinu samþykkt kerfisáætlunina, eða eftir atvikum, krafist breytinga á áætluninni.

Í nóvember árið 2015 fékk Orkustofnun fyrstu kerfisáætlun Landsnets samkvæmt þessu nýja ferli til meðferðar en áætlunin er fyrir tímabilið 2015-2024. Orkustofnun samþykkti kerfisáætlunina þann 25. apríl 2016.

Fjórir aðilar kærðu samþykkt Orkustofnunar um kerfisáætlunar til úrskurðarnefndar raforkumála. Niðurstaða fékkst ekki í kærumálin á árinu 2016.

Á árinu 2016 tók gildi ný reglugerð nr. 870/2016 um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku. Í reglugerðinni er m.a. kveðið á um tilhögun samráðsferlis vegna kerfisáætlunar, auk þess er fjallað um hvaða upplýsingar þurfa að koma fram í kerfisáætlun flutningskerfisins.

Landsnet hf. náði ekki að ljúka við gerð kerfisáætlunar 2016-2025 á árinu 2016 og því fékk Orkustofnun hana ekki til meðferðar á árinu.

5 Rekstaráætlun raforkueftirlitsins

Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, dagsett 30. ágúst 2017, sem uppfærð var 5. september sl. fylgir með skýrslunni í viðauka II. Orkustofnun hefur kynnt sér álit hinna eftirlitsskyldu aðila og í kafla 2 eru skýringar Orkustofnunar við athugasemdir samráðshópsins.

5.1 Raforkueftirlitsgjald

Fjármögnun raforkueftirlits er grundvölluð á 31. gr. raforkulaga en í greindu ákvæði er kveðið á um að Orkustofnun skuli innheimta fyrir ríkissjóð eftirlitsgjöld. Er flutningsfyrirtæki gert að greiða sem nemur 0,4 aurum fyrir hverja kWst af raforku sem er mötuð inn á flutningskerfið en dreifiveitum sem nemi 1 eyri á hverja kWst af þeirri raforku sem er móttækin frá flutningskerfi eða beint frá virkjun. Fyrir árið 2016 samsvöruðu tekjur af þessum gjöldum 105,2 m.kr. Um er að ræða 3,4 m.kr. lækkun eða 3% lækkun frá árinu 2015. Ástæðan er minni dreifing á raforku á árinu 2016.

5.2 Gjaldtaka á grundvelli 31. gr. raforkulaga

Raforkueftirlitsgjaldið er reiknað út frá áætluðum rekstrarkostnaði vegna eftirlits raforkueftirlitsins á grundvelli raforkulaganna. Um er að ræða lögboðið gjald fyrir eftirlit. Eftirlitsgjaldið er reiknað út frá áætluðum kostnaði af eftirliti og er því byggt á svipuðum sjónarmiðum og um þjónustugjöld. Hins vegar er ekki um að ræða hreint þjónustugjald þar sem kostnaður við raforkueftirlit er breytilegur eftir árum og jafnvel mánuðum.

Fjöldmörg mál og eftirlitsverkefni raforkueftirlitsins eru almenns eðlis og varða fleiri en einn flokk eftirlitsskyldra aðila eða markaðinn í heild, sama á við um verkefni sem varða innri starfsemi eftirlitsins. Í samræmi við þessi sjónarmið hefur löggjafinn gert ráð fyrir því í 2. mgr. 31. gr. raforkulaga að orkumálastjóri gefi skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað á hverju ári og að lagt sé mat á það hver þróun eftirlitsins hefur verið síðast liðin þrjú ár.

5.3 Nýting raforkueftirlitsgjalds

Notendur greiða á endanum raforkueftirlitsgjaldið sem innheimt er skv. 31. gr. raforkulaga enda er það inni í tekjumörkum sérleyfisfyrirtækjanna. Í samræmi við athugasemdir með frumvarpi til raforkulaga fellur meginþungi eftirlitsins undir eftirlit með flutningsfyrirtækinu og dreifiveitunum en

einskorðast ekki við þessa aðila heldur snýr einnig að vinnslufyrirtækjum. Þessi skilningur fær einnig stoð í úrskurði úrskurðarnefndar raforkumála nr. 1/2010.

Kveðið er á um eftirlit með starfsemi samkvæmt raforkulögum í 24. gr. laganna:

„Orkustofnun skal hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt lögum þessum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samningi skv. 8. gr. og öðrum heimildum.“

Í 28. gr. raforkulaga er einnig tekið fram að Orkustofnun hafi eftirlit með því að vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki og dreifiveitur uppfylli kröfur um gæði og afhendingaröryggi sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Rekstrarumfang raforkueftirlits árið 2016

Í meðfylgjandi töflu sést sundurliðun á kostnaði raforkueftirlits eftir verkefnaflokkum.

Tafla 9. Tekjur og gjöld 2016 [þ.kr.]

	Texti	Upphæð	Hlutfall
A	Tekjur	105.201	
B	Vinnuþáttur OS	99.141	
C	Gjöld		
	Nr.	Texti	
	1.	Leyfi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna	0,0 0,0%
	2.	Tekjumörk	1.894,0 7,7%
	3.	Greining og úttektir	2.195,6 8,9%
	4.	Raforkueftirlit, Almenn	611,5 2,5%
	5.	Öflun gagna og miðlun upplýsinga	196,2 0,8%
	6.	Raforkuspá	7.696,4 31,2%
	7.	Alþjóðleg samvinna	5.200,4 21,0%
	8.	Innlend samvinna	201,7 0,8%
	9.	WACC	608,3 2,5%
	10.	Lögfræðileg mál, kærur ofl.	602,1 2,4%
	11.	Hagræðingarkrafa [Nýtt 2015]	0,0 0,0%
	12.	Greiningarvinna	5.483,3 22,2%
	13.	Ráðstefnur	0,0 0,0%
	14.	Námskeið	16,8 0,1%
		Samtals gjöld	24.706 100,0%
A-B-C	Mismunur	-18.646	

Eins og áður hefur komið fram er vinnuþáttur eða kostnaður vegna upprunaábyrgða ekki innifalinn í framangreindri töflu. Vinnu- og kostnaðarþætti vegna upprunaábyrgða má sjá í kafla. 4.11 í töflu 8.

5.4 Yfirlit fyrir árin 2012 til 2018

Fyrir árin 2012 til 2015 eru tekjur og gjöld skv. rauntölum. Fyrir árin 2017 og 2018 eru bæði tekjur og gjöld áætluð. Á árinu 2018 er gert ráð fyrir 20% hækkun á raforkugjaldi sem vænst er til að taki gildi með lögum á haustþingi 2017 umfram 1,9% aukningu á dreifingu rafmagns.

Tafla 10. Yfirlit fyrir árin 2012 til 2018 [p.kr.]

		2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
	Vinnuframlag OS [klst.]	7.117	7.354	8.169	7.609	7.525	7.700	8.500

A	Tekjur raforkueftirlits	98.341	100.260	103.279	108.576	105.201	117.200	141.040
	Raforkueftirlitsgjald	98.341	100.260	103.279	108.576	105.201	107.200	131.040
	Aðrar tekjur	-	-	-	-	-	10.000	10.000
B	Gjöld samtals	96.738	92.897	105.205	130.054	123.847	126.500	137.000
b1	Vinna OS	75.660	76.949	91.751	100.251	99.141	101.500	112.000
b2	Aðkeypt þjón. og annar kostn.	21.078	15.949	13.455	29.803	24.706	25.000	25.000
A-B	Afgangur/-halli	1.603	7.363	-1.926	-21.478	-18.646	-9.300	4.040
	Uppsafnað	-	-	-	-	-	-	-
		10.536	-3.173	-5.099	-26.577	-45.223	-54.523	-50.483

5.5 Nýjar skyldur raforkueftirlits samkvæmt þriðju raforkutilskipuninni

Þriðja raforkutilskipunin (2009/72/EB) hefur verið innleidd í EES samninginn með ákvörðun Sameiginlegu EES nefndarinnar frá 5. maí 2017.

Tilskipunin gerir nýjar kröfur til þess hvernig raforkueftirlit innan EES skuli uppbyggð en samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar er gerð rík krafa um að tryggja sjálfstæði eftirlitsaðila.

Þá eru einnig nýjar kröfur gerðar til þeirra verkefna sem raforkueftirlitum eru fengin. Í 37. gr. tilskipunarinnar eru talin upp þau fjölmörgu verkefni og skyldur sem eiga að vera á valdsviði raforkueftirlits í hverju aðildarríki. Ef ákvæðið er borið saman við ákvæði 23. gr. annarrar raforkutilskipunarinnar, sem hefur verið innleidd í íslenskan rétt (2003/54/EB), og fjallar um skyldur raforkueftirlita, má sjá að um verulega aukningu á skyldum er að ræða. Þetta á t.d. við um nýjar skyldur á sviði neytendaverndar og eftirlit með smásölu- og heildsölumarkaði raforku.

Orkustofnun telur ljóst að ef starfsemi raforkueftirlits á að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt þriðju raforkutilskipuninni þarf að auka fjármagn til starfseminnar til muna. Í dag starfa fjórir starfsmenn við raforkueftirlit hjá Orkustofnun. Ef Orkustofnun á að ná að sinna því eftirliti sem þriðja raforkutilskipunin gerir kröfu um þarf að fjölga starfsmönnum eftirlitsins. Þá þarf að skilgreina vel hvaða verkefni það eru sem heyra undir starfsemi eftirlitsins enda mikilvægt að aðgreina þau verkefni sem raforkueftirlit sinnir sem sjálfstæður eftirlitsaðili.

5.6 Kostnaður raforkueftirlits

5.6.1 Vinnuþáttur OS [b1].

Fjöldi starfsmanna ræður mestu um helstu rekstrarstærðir raforkueftirlitsins og áætlað er að fjöldi ársverka aukist næstu ár. Þessu til stuðnings má m.a. benda á að Orkustofnun var fengið nýtt verkefni í tengslum við kerfisáætlun vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á raforkulögum með lögum nr. 26/2015. Þá bættust einnig við verkefni hjá raforkueftirlitinu í tengslum við kerfisáætlun. Gert er ráð fyrir að á árinu 2017 starfi áfram þrjár sérfræðingar auk lögfræðings í fullu starfi við raforkueftirlit.

Tími orkumálastjóra og starfsmanna, sem sinna stoðþjónustu við raforkueftirlitið innan Orkustofnunar er ekki skráður sérstaklega á verknúmer raforkueftirlitsins. Kostnaður á hverja vinnustund innheldur kostnað vegna launtengdra gjalda, orlofs, veikindaréttar, yfirstjórnar, húsnæðis, vinnuaðstöðu, tölvu- og prentkostnaðar og allrar stoðþjónustu. Stoðþjónustan sem um er að ræða er meðal annars vegna, tækniþjónustu, skrifstofuhalds, rekstrar og bókhalds, skjalastjórnunar, símsvörunar, mótuneytis, fundaraðstöðu og bókasafns.

5.6.2 Aðkeypt þjónusta og annar kostnaður [b2]

Undir þessum lið er ýmis kostnaður við aðkeypta sérfræðiþjónustu, má þar nefna endurskoðun á bókhaldi eftirlitsskyldra aðila, nefnd til ákvörðunar á arðsemi fyrirtækjanna (WACC nefnd) ofl.

5.7 Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2017

Samkvæmt 3. mgr. 31. gr. raforkulaga ber Orkustofnun að annast innheimtu gjalda til að standa undir kostnaði við eftirlit á grundvelli raforkulaga. Reiknað er með að kostnaður við raforkueftirlit Orkustofnunar verði sambærilegur árið 2017 en með hækkun á raforkueftirlitsgjaldi 2018 er gert ráð fyrir að kostnaður aukist samsvarandi.

Viðauki I – Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila



Minnisblað Samorku

Dagsetning:	30. ágúst 2017 (uppfært 5. september 2017)
Efni:	Skýrsla Orkustofnunar um starfsemi raforkueftirlits rekstrarárið 2017. Ábendingar og athugasemdir SAMORKU
Unnið af:	Baldur Dýrfjörð
Dreifing:	Veitustjórar í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila. Orkustofnun
Fylgiskjöl:	engin

SAMORKU hefur borist til umsagnar drög að skýrslu OS um starfsemi raforkueftirlits fyrir árið 2016.

Kallað var eftir ábendingum og athugasemdum frá fulltrúum í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila auk þess sem starfsmenn SAMOKRU rýndu skýrsluna.

Almennar ábendingar og athugasemdir

5. VERKEFNI RAFORKUEFTIRLITS

Í 5. mgr. er fjallað um eftirlitshlutverk OS og þar með um kærúmál, kvartanir og fyrirspurnir. Hér væri mjög gagnlegt ef tölfræði væri birt og þar með þróun milli ára. Í slíkri samantekt mætti einnig flokka umræddar kvartanir og fyrirspurnir ekki síst í því skyni að veiturnar geti metið hvort draga megi lærdóm af viðkomandi málum.

Í 6. mgr. er fjallað um aukið álag vegna lagabreytingar sem felur í sér nýtt verkefni OS í eftirlit með kerfisáætlun. Hér má velt fyrir sér hlutföllum í kostnaði milli dreifiveitna annars vegar og flutnings-fyrirtækisins hins vegar, sbr. einnig aukið vinnuálag vegna upprunaábyrgða að mati OS (sjá nánar um það síðar). Einnig má hafa í huga að þótt kerfisáætlun feli í sér breytt verklag þýðir það ekki sjálfkrafa aukið umfang eftirlitsins heldur fyrst og fremst breytingu þar sem aðrir verkþættir falla út á móti.

Í umræðu um verkefni raforkueftirlitsins má minna á að í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum 176/2011 er vísað í úttekt NEV með raforkueftirliti OS og þar lögð áhersla á gagnsæi og skýrleika eftirlitsins.

Skýringar með efnisatriðum eftirlitsins í töflu 2.

Tekið er fram að tvær úttektir hafi verið framkvæmdar á árinu en ekki skýrt nánar í hverju þær fólust eða hvort þær hafi náð til eftirlitsskyldra aðila í heild sinni eða einstakra aðila. Þá er heldur ekki ljóst hvort hefðbundin vinna við tekjumörk einstakra aðila flokkast undir úttektir í þessu samhengi sbr. umfjöllun í kafla 5.3 um sértækt eftirlit.

5.1 Söfnun bókhaldsgagna

Í 3. mgr. er fjallað um skil á ársreikningum. Rétt er að leggja áherslu á að þótt dreifiveitum sé ekki gert að skila gögnum fyrir en 1. maí þá eru þessi gögn almennt til mun fyrir hjá flestum ef ekki öllum fyrirtækjunum þar sem aðalfundir þetta eru oftast í febrúar og mars ár hvert.

5.3 Sértækt eftirlit með sérleyfisfyrirtækjum

Hér væri gagnlegt að hafa hlekki á tilvitnaðar skýrslur OS.

5.4 Raforkuöryggi

Hér er m.a. fjallað um tafir sem orðið hafa í uppbyggingu flutningskerfisins og þau áhrif sem röðun virkjunarkosta í rammaáætlun hefur á orkuöflunarkosti víðsvegar um landið. Í niðurlagi kaflans er síðan fjallað um verkefnið „orkuöryggi og stefna í orkumálum á Íslandi“ og þar mættu koma fram ítarlegri upplýsingar um stöðu þess verkefnis og hvenær áætlað er að vinnunni ljúki.

5.5 Gæði raforku og afhendingaröryggi

Í 3. kafla skýrslunnar er fjallað um markmið raforkueftirlitsins og hér í kafla 5.5. er fjallað um afhendingaröryggi og um gæði raforku sem eru hluti af markmiðunum. Mikilvægt er að benda á að flutningsfyrirtækið og einstakar dreifiveitur vinna markvisst að þessum þáttum í sinni áætlanagerð og framkvæmdum og hafa eftir atvikum látið vinna ítarlegar skýrslur hér að lútandi. (Þjóðhagslegt gildi uppbyggingar flutningskerfisins). Mikilvægt er að þessar skyldur endurspeglst í umfjöllun og ákvörðunum um tekjuramma flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna og að því leyti styðji eftirlit Orkustofnunar einnig við hagsmuni viðskiptavina af því að afhendingaröryggi og gæði séu fullnægjandi og þar með samspilinu milli þess og flutnings- og dreifikostnaðar þeirra. Í þessu sambandi má m.a. benda á skýrslu Ríkisendurskoðunar frá september 2015 þar sem fjallað er um hagkvæmni í rekstri og afhendingaröryggið. Þar segir:

„Markmið raforkulaga er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla atvinnulíf og byggð í landinu. Landsneti er falið að byggja upp flutningskerfi raforku á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins. Miðað við þróun meðalverðlags á orkueiningu má telja að fyrirtækið hafi náð markmiðum laga um hagkvæmni í rekstri flutningskerfis raforku. Óvíst er hvort önnur markmið hafi að öllu leyti náðst en dæmi eru um að ekki hafi verið unnt að veita neytendum á landsbyggðinni nægt eða nægilega tryggt rafmagn vegna takmarkana í flutningskerfinu. Þá hefur komið fram í skýrslum fyrirtækisins að kerfið sé veikt og afhendingaröryggi ábótavant.“

Eins og áður segir er eftirlitsskyldum aðilum fullljós sú mikla ábyrgð sem á þeim hvílir að þessu leyti og áréttu að raforkueftirlitið styðji með jákvæðum hætti við þessa hagsmuni viðskiptavinanna ekki síður en aðhald við ákvörðun gjaldskrár.

5.11 Upprunaábyrgðir

Í kaflanum er fjallað nokkuð ítarlega um tilurð upprunaábyrgða og með hvaða hætti lögin hafa áhrif á verkefni Orkustofnunar. Hér vakna spurningar um það hvort rétt sé að fjalla um málefnið í þessari skýrslu sem og að telja kostnað vegna vinnu við upprunaábyrgðir til vinnu við raforkueftirlit eftirlitsskyldra aðila. Ljóst er að kerfi upprunaábyrgða snýr fyrst og fremst að framleiðslu og söluþyrirækjum og skiptir í því sambandi ekki máli þótt flutningafyrirtækinu hafi verið falin umsjón með ákveðnum verkþáttum um útgáfu þeirra.

5.12 Kerfisáætlun

Hér er fjallað um áður nefndar breytingar á raforkulögum og þar með tilkomu kerfisáætlunar inn í verkefni raforkueftirlitsins. Af þessu tilefni hafa dreifiveiturnar og flutningsfyrirtækið vakið athygli á mikilvægi þess að gegnsæi sé fyrir hendi um umfang raforkueftirlitsins og þá eftir atvikum á þeirri skiptingu á kostnaði sem er milli dreifingar og flutnings í þeim efnem.

6.2 Gjaldtaka á grundvelli 31. gr. raforkulaga

6.3 Nýting raforkueftirlitsgjaldsins

Í þessum köflum er fjallað um forsendur eftirlitsgjalds Orkustofnunar og hvaða þættir hafa áhrif rekstur eftirlitsins og þar með kostnað við það. Rétt er að vekja sérstaklega athygli á því sem fram kemur um að fjölmörg mál og eftirlitsverkefni séu almenns eðlis og varði eftir atvikum raforkumarkaðinn í heild sinni og sé því ekki bundin við sérleyfisfyrirtæki. Hér kemur enn og aftur til álita krafan um gegnsæi og skýra verkferla um einstaka þætti raforkueftirlitsins sem áður er vikið að og þar með eðlilega skiptingu þess milli eftirlitsskyldra aðila annar vegar en framleiðslu og söluþyrirækja hins vegar.

6.4 Rekstrarumfang raforkueftirlits árið 2016

Í töflu 9. Tekjur og gjöld árið 2016 er fjallað um kostnað við gerð raforkuspár (liður 6) og þar tekið fram að hann sé um 31,2% af heildarkostnaði við raforkueftirlitið. Ef litið er til raforkulaga er ljóst að raforkuspá fellur ekki undir kafla þeirra um eftirlit og úrræði gagnvart dreifiveitum og flutningsfyrirtæki heldur undir IX. kafla þar sem fjallað er um yfirstjórn raforkumála. Er enda vandséð með hvaða hætti hægt er að fella umræddan kostnað á eftirlitsskyldaðila skv. 31. gr. raforkulaga. Hér er fyrst og fremst um að ræða almenna upplýsingaöflun stjórnvalda en ekki eftirlitspátt gagnvart eftirlitsskyldum aðilum.

Þá er á það bent að eðlilegt væri að sundurliða tekjupáttinn ekki síst milli dreifingar og flutnings og þá eftir atvikum ef um einhverjar aðrar tekjur er að ræða. Loks er nauðsynlegt að taflan gefi

yfirlit yfir fleiri ár þannig að samanburður fái um einstaka liði og þá eftir atvikum settar fram skýringar á breytingum á einstökum liðum sér í lagi þegar fráviku eru mikil eins og sjá má nokkur dæmi um í þessari töflu. Til að mynda sýnist kostnaður við greiningarvinnu hækka verulega milli ára og annar rekstrarkostnaður einnig.

6.5 Yfirlit fyrir árin 2012 til 2018

Áður hafa eftirlitsskyldir aðilar gert athugasemdir við tekjuforsendur raforkulaga vegna eftirlitsins. Þannig má benda á að umfang raforkueftirlitsins ætti ekki að vera í beinu samhengi við magnaukningu í flutningi og dreifingu á raforku enda ekkert línulegt samband þar á milli. Þá er ljóst að hækkun um 20% er mjög mikil og vandséð með hvaða hætti er hægt að rökstyðja slíka hækkun.

Í töflu 10. „Yfirlit fyrir árin 2013 til 2018 [þ.kr.]“ er ekki samræmi milli dálksins fyrir 2016 í töflunni og sambærileg dálks fyrir árið 2016 í töflu 1. Tekjur kr. 110.600 í stað 105.201. Vinnuþáttur kr. 105.500 í stað kr. 95.625. Aðkeypt þjónusta og annar kostnaður/önnur gjöld kr. 25.000 í stað kr. 24.706 (allt í þús. kr.). Hér er verulegur munur á og því ljóst að forsendur fyrir hækkun eftirlitsgjalda ekki fyrir hendi einkum þegar ekki eru heldur forsendur fyrir gjaldtöku til að standa undir vinnu við raforkuspá og upprunaábyrgðir eins og áður er vikið að.

6.6 Nýjar skyldur raforkueftirlits samkvæmt þriðju raforkutilskipuninni

Hér er fjallað um ýmiss ný verkefni sem talin eru til kostnaðar aukandi þátta við raforkueftirlitið. Ljóst er af upptalningunni að ýmiss af þessum verkefnum er ekki eðlilegt að fella undir eftirlit með sérleyfis-starfsemi dreifiveitna og flutningsfyrirtækisins heldur falla þau undir samkeppnisþátt raforkulaga. Kemur þetta enda fram í niðurlagi kaflans þar sem áréttað er að endurskilgreina þurfi hvaða verkefni eigi að heyra undir sjálfstætt eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum í dreifingu og flutningi.

6.8 Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2017

Hér er mjög sérkennilega tekið til orða þegar fjallað er um kostnað og hækkun hans og lýsir e.t.v. þeim vanda sem eftirlitsskyldir aðilar eru í gagnvart eftirlitsaðilanum. Hér segir að reiknað sé með að kostnaður við raforkueftirlit OS verði sambærilegur árið 2017 en „með hækkun á raforkueftirlitsgjaldi 2018 er gert ráð fyrir að kostnaður aukist samsvarandi.“ Sem sagt að ef að tekjur aukast þá sé þeim eytt óháð rekstrarlegum forsendum að öðru leyti.

Samantekt

Aðildarfyrirtæki SAMORKU gera sér grein fyrir því að eðlilegt er hið opinbera hafi eftirlit með starfsemi sérleyfisfyrirtækja í raforkudreifingu og raforkuflutningi. Hins vegar ber að hafa í huga að heilt yfir er rekstur þessara fyrirtækja í nokkuð föstum skorðum milli ára og snertifletir við viðskiptavinum byggja í grunninn á vel skipulagðri þjónustu þar sem virkur þjónustutími er allur sólahringurinn, alla daga ársins. Almennt séð eru frávík í þessari þjónustu lítil og markvisst unnið að því að lágmarka þau enn frekar. Vissulega eru ýmis verkefni sem bíða í þeim efnum að gera enn betur ekki síst víða á landsbyggðinni og hafa eins og kunnugt er margir þættir áhrif á framgang þeirra. Með sama hætti er mikilvægt að dreifiveitur og flutningsfyrirtæki vinni að stöðugum úrbótum í þjónustu og upplýsingagjöf til viðskiptavina sinna og telja fyrirtækin að ekki hafi skort á vilja í þeim efnum af þeirra hálfu. Með sama hætti er mikilvægt að samstarf við eftirlitsaðila sér gott enda markmið beggja aðila þau sömu, að tryggja sem mest gæði og öryggi í afhendingu raforku sem og skýra og skilmerkilega skilmála gagnvart viðskiptavinum smáum og stórum.

Eins og fram er komið lítur eftirlit Orkustofnunar að rekstri og þar með ákvörðun um tekjuramma flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna. Mikilvægt er Orkustofnun vinni að því gagnvart löggjafarþinginu að gerðar séu nauðsynlegar breytingar lögskipuðum forsendum fyrir ákvörðun tekjurammans á hverju tíma. Hér er vísað til þess að jafnvel þótt lagabreytingar eins og um kerfisáætlun leiði sannarlega til verulegs kostnaðar er ekki sjálfgefið að taka meggi hann inn í forsendurnar (sjá m.a. úrskurð Úrskurðarnefndar raforkumála í málinu nr. 5/2016).

Að lokum vilja aðildarfyrirtæki SAMORKU ítreka mikla áherslu á gagnsæi í eftirlitinu enda skapar það tækifæri til umbóta þegar við á og allir aðilar geta nýtt það í umbótavinnu hverju sinni. Því er mikilvægt að skýrslur og samantektir OS byggji á tölulegum og samanburðarhæfum upplýsingum

milli ára um einstaka verkþætti eftirlitsins hvort heldur er í úttektum, greiningum eða umbótaverkefnum.

Með þessum hætti má ná hámarksnýtingu á þeim tekjum sem eftirlitið fær lögum samkvæmt. Þá þarf eins og reyndar kemur fram af hálfu OS að fara skilmerkilega í gegnum hvaða verkefni eiga að falla undir eftirlitsþáttinn með raforkudreifingu og -flutningi og hvaða verkefni eiga eðli málsins samkvæmt að falla utan þess. Ljóst er að þar er nokkuð verk óunnið og mikilvægt að þeirri vinnu sér hraðað og lokið sem fyrst þannig að forsendur fyrir óskum um breytingu á gjaldheimtu af eftirlitsskyldum aðilum byggji á réttum forsendum vegna næsta árs og til framtíðar. Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila er að sjálfsgöðu reiðubúið til samtals um þessa þætti og nánar útfærslu um einstaka þætti eftirlitsins ef það mætti verða til þess að einfalda og skýra þá og þar með gegnsæi í öllum vinnubrögðum.

Viðauki II. – Skýringar raforkueftirlits á umsögn samráðsnefndar

Í þessum kafla koma fram skýringar raforkueftirlits á umsögn samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila við drög að skýrslu Orkustofnunar til ferðamála- iðnaðar og nýsköpunarráðherra en skv. 24. gr. raforkulaga skal umsögn samráðsnefndar fylgja skýrslunni og fær því nefndin skýrsluna til umsagnar áður en hún er gefin út.

Athugasemdir samráðsnefndar kom fram í viðauka I.

Undanfarin ár hafa drög að skýrslunni verið kynnt á vofundi með samráðsnefndinni og þá hefur verið hægt að skýra ýmsa þætti betur eftir atvikum áður en skýrslan er send ráðherra. Það náðist ekki á þessu ári og bera athugasemdir samráðsnefndar þess merkis. Orkustofnun stefnir að því að vera með fyrra verklag á næstu árum.

Orkustofnun er með eftirfarandi athugasemdir við umsögn samráðsnefndar:

1. Kafli 5. Verkefni raforkueftirlits.

Samráðsnefnd óskaði eftir nánari tölfræði vegna kærumála, kvartana og fyrirspurna. Í eldri skýrslum hefur verið birt tölfræði vegna þessara atriða en við nánari skoðun komst Orkustofnun að þeirri niðurstöðu skráningin væri ekki nægjanlega fullkomin þar sem stofnunin hefur ekki skrá yfir allar fyrirspurnir sem berast. Orkustofnun hefur hug á að bæta skráningar fyrirspurna og hefja birtingu sundurliðaðra upplýsinga um öll erindi á ný.

Fram kemur í umsögn samráðsnefndar ósk um skiptingu á tekjum og kostnaði á milli dreifiveitna og flutningsfyrirtækis. Meðfylgjandi er skipting á raforkueftirlitsgjaldi á milli dreifiveitna og flutningsfyrirtækis. Einnig er sýnd tafla yfir vinnuþætti og kostnað raforkueftirlits á milli dreifiveitna og flutningsfyrirtækis. Athygli er vakin á því að óskiptanlegur kostnaður vegur langmest bæði varðandi skráningu yfir vinnuþætti og kostnað.

Skipting á raforkueftirlitsgjaldi er eftirfarandi [í kr.]:

Texti	Fjárhæð	Hlutfall
Dreifiveitur	33.818.508	32%
Flutningsfyrirtæki	71.383.460	68%
Samtals	105.201.968	100%

Skipting á vinnuþætti er eftirfarandi:

Texti	Fj. Tíma	Hlutfall
Flutningskerfi	1.320	18%
Dreifiveitur	706	9%
Sameiginlegt	5.499	73%
Samtals	7.525	100%

Skipting á kostnaði er eftirfarandi:

Texti	[þ.kr.]	Skipting
Flutningsfyrirtæki	3.086	12%
Dreifiveitur	1.004	4%
Sameiginlegt	20.616	83%
Samtals	24.706	100%

Minnst er á úttekt NVE frá árinu 2011 og að þar komi fram að lögð skuli áhersla á gagnsæi og skýrleika eftirlitsins. Raforkueftirlitið tekur undir það.

Þá er minnst á að þó að kerfisáætlun feli í sér breytt verklag þýðir það ekki sjálfskrafa aukið umfang eftirlitsins heldur fyrst og fremst breytingu þar sem aðrir verkþættir falla út á móti. Við

skoðun Orkustofnunar á vinnubætti kerfisáætlunar telur stofnunin að vinna við kerfisáætlun krefjist meira vinnuframlags heldur en eldra verklag við leyfisveitingar. Það var líka mat fjármálaráðuneytisins, þegar frumvarpið var lagt fram, að aukin vinna vegna kerfisáætlunar væri ígildi hálfis stöðugildis hjá Orkustofnun. Athygli er vakin á því að með kerfisáætlun þarf Orkustofnun að fara yfir og meta árlega allar fyrirhugaðar framkvæmdir flutningsfyrirtækisins til næstu þriggja ára og langtíma áætlun fyrirtækisins til tíu ára. Samkvæmt eldra leyfisveitingarferli hafði stofnunin einungis það hlutverk að fara yfir og meta einstakar framkvæmdir í flutningskerfinu og veita leyfi fyrir þeim.

2. Skýringar með efnisatriðum eftirlits í töflu 2.

Sjá athugasemdir varðandi úttektir undir lið nr. 4 þar sem fjallað er um kafla 5.3.

3. Kafli 5.1 Söfnun bókhaldsgagna.

Búið er að fara yfir þetta atriði og reyna að fá bókhaldsgögn fyrr, þ.e. fyrir 1. maí, en það sætti mikilli andstöðu hjá eftirlitsskyldum aðilum.

4. Kafli 5.3 Sérækt eftirlit með sérleyfisfyrirtækjum.

Orkustofnun fellst á það að tilgreina hlekk á úttektarskýrslur sem nefndar eru í skýrslunni. Úttektirnar tengjast skoðun á eignfærslum tveggja dreifiveitna og flutningsfyrirtækisins á rekstrarárinu 2015. Úttektir tengjast ekki beint hefðbundinn vinnu við tekjumörk en geta haft áhrif eftir niðurstöðu úttektanna. Vinna við úttektir er skráð undir liðinn „Greining og úttektir“.

5. Kafli 5.4 Raforkuöryggi.

Óskað var eftir ítarlegri upplýsingum um stöðu verkefnisins „Orkuöryggi og stefna í orkumálum á Íslandi“

Verkefninu lauk snemma árs 2017 með kynningu á Orkustofnun þann 6.2.2017. Kynninguna má sækja á vef Orkustofnunar: <http://os.is/orkustofnun/vidburdir/nr/1838>

6. Kafli 5.5. Gæði raforku og afhendingaröryggi.

Fjallað var um mikilvægi þess að skyldur varðandi gæði raforku og afhendingaröryggi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna gagnvart viðskiptavinum sínum endurspeglar í umfjöllun og ákvörðunum um tekjuramma flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna. Orkustofnun bendir á að ekki er lagast í raforkulögum fyrir að tekið sé tillit til umræddra skyldna í tekjumörkum dreifiveitna og flutningsfyrirtækis.

7. Kafli 5.11 Upprunaábyrgðir.

Gerðar voru athugasemdir við umfjöllun um upprunaábyrgðir í drögunum þar sem málefnið falli ekki undir raforkueftirlit. Orkustofnun tekur undir það að að sleppa þessum lið en minnr samt á að þessi umfjöllun kom fram sem krafa samráðsnefndar á árinu 2013 og voru þessar upplýsingar birtar í skýrslu Orkustofnunar til ANR sem send var ráðuneytinu 2013 vegna rekstrarársins 2012. Orkustofnum mun því sleppa þessum lið í næstu skýrslu.

8. Kafli 5.12 Kerfisáætlun.

Kerfisáætlun á einungis við flutningsfyrirtækið og því er ekki hægt að skipta kostnaði vegna kerfisáætlunar.

9. Kafli 6.2 Gjaldtaka á grundvelli 31. gr. raforkulaga.

Samráðsnefnd gerir engar athugasemdir.

10. Kafli 6.3 Nýting raforkueftirlitsgjaldsins.

Nýting á raforkueftirlitsgjaldi er skipt á milli dreifiveitna og flutningsfyrirtækis en ekki sölufyrirtækja. Skiptingin á kostnaði milli flutningsfyrirtækis og dreifiveitna kemur ekki fram í skýrslunni. Sjá líka lið nr. 3.

Athygli er vakin á því að samkvæmt 1. mgr. 31. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er raforkueftirlitsgjaldinu ætlað að standa straum af kostnaði við eftirlit samkvæmt raforkulögum og er nýting þess ekki bundin við eftirlit með fyrirtækum í sérleyfisstarfsemi.

11. Kafli 6.4. Rekstrarumfang raforkueftirlitsgjalds árið 2016.

Raforkuspá. Orkustofnun sér ekki hagkvæmari leið til þess að afla þessara upplýsinga með öðrum hætti, sem tryggir aðkomu stofnunarinnar og gegnsæi, en núverandi samstarf við Landsnet um vinnu við raforkuspá. Einnig má benda á að með innleiðingu á þriðju raforkutilskipuninni verður farið nánar í verkskilgreiningu raforkueftirlits. Að svo stöddu telur Orkustofnun að vinna við raforkuspá tilheyri verkefnum raforkueftirlits

Meðfylgjandi er sundurliðun á fjölda tíma og kostnaði fyrir árin 2014, 2015 og 2016.

Nr.	Texti – fjöldi tíma	2014	2015	2016	Breyting [2016-2015]	
1.	Leyfi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna	301	152	66	-86	-57%
2.	Tekjumörk	1.160	803	797	-6	-1%
3.	Greining og úttekt	1.162	808	1.229	422	52%
4.	Raforkueftirlit, Almenn	2.932	2.856	2.096	-759	-27%
5.	Öflun gagna og miðlun upplýsinga	873	871	681	-190	-22%
6.	Raforkuspá	75	102	40	-62	-61%
7.	Alþjóðleg samvinna	259	388	668	280	72%
8.	Innlend samvinna	77	344	371	27	8%
9.	WACC	682	387	142	-245	-63%
10.	Lögfræðileg mál, kærur ofl.	449	166	1.116	950	571%
11.	Hagræðingarkrafa [Nýtt 2015]	0	707	64	-643	-91%
12.	Greiningarvinna	0	0	123	123	100%
13.	Ráðstefnur	44	8	49	41	513%
14.	Námskeið	156	19	84	65	343%
	Samtals	8.169	7.609	7.525	-84	-1%

Nr.	Texti – kostnaður í þús. kr.	2014	2015	2016	Breyting [2016-2015]	
1.	Leyfi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna	-1.271,1	4,0	0,0	-4	-100%
2.	Tekjumörk	-1.765,0	1.366,1	1.894,0	528	39%
3.	Greining og úttektir	1.476,3	1.721,5	2.195,6	474	28%
4.	Raforkueftirlit, Almenn	136,0	159,7	611,5	452	283%
5.	Öflun gagna og miðlun upplýsinga	1.590,2	93,9	196,2	102	109%
6.	Raforkuspá	5.326,4	10.403,6	7.696,4	-2.707	-26%
7.	Alþjóðleg samvinna	3.580,7	3.796,2	5.200,4	1.404	37%
8.	Innlend samvinna	1,6	55,8	201,7	146	261%
9.	WACC	2.368,6	3.389,1	608,3	-2.781	-82%
10.	Lögfræðileg mál, kærur ofl.	525,3	3,8	602,1	598	15745%
11.	Hagræðingarkrafa [Nýtt 2015]	0,0	8.809,3	0,0	-8.809	-100%
12.	Greiningarvinna	0,0	0,0	5.483,3	5.483	0%
13.	Ráðstefnur	942,7	0,0	0,0	0	0%
14.	Námskeið	543,2	0,0	16,8	17	0%
	Samtals gjöld	13.455	29.803	24.706	-5.097	-17%

12. Kafli 6.5. Yfirlit yfir árin 2012 til 2018.

Búið er að uppfæra töflur.

13. Kafli 6.6. Nýjar skyldur raforkueftirlits samkvæmt þriðju tilskipuninni.

Varðandi umfjöllun um nýjar skyldur samkvæmt þriðju raforkutilskipuninni telur samráðsnefndin að sumar nýjar skyldur tilheyri ekki sérleyfisstarfsemi dreifiveitna og flutningsfyrirtækis. Þegar þriðja raforkutilskipunin verður innleidd verður einnig farið í að skilgreina betur verkefni raforkueftirlits og verður það m.a. gert í samráði við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Eins og áður hefur komið fram er nýting raforkueftirlitsgjalds ekki bundin við eftirlit með sérleyfisfyrirtækjum þrátt fyrir að þau fyrirtæki greiði gjaldið.

14. Kafli 6.8. Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2017.

Athugasemd er gerð við mögulega hækkun um 20% á raforkueftirlitsgjaldi. Orkustofnun hefur sent þessa beiðni til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis með rökstuðningi m.a. vegna aukins álags en að öðru leyti hefur Orkustofnun ekki meiri aðkomu að mögulegri lagabreytingu.

15. Samantekt.

Hér virðist vera almennar athugasemdir sem varðar starfsemi raforkueftirlits sem m.a. byggir á athugasemdum sem hafa komið áður fram í umsögninni. Orkustofnun telur því að ekki þurfi að svara þessum kafla sérstaklega.

